



Staðalmyndir og fordómar

Staðalmyndir

Staðalmyndir eru hugmyndir sem við tengjum ákveðnum hópnum. Þessar hugmyndir geta verið bæði jákvæðar og neikvæðar en eru oft ýktar og gjarnan notaðar til að gera lítið úr viðkomandi hóp. Staðalmyndir má finna víða, jafnvel í kennslubókum.

Staðalmyndir byggja oft á fréttáflutningi, t.d. ef að við heyrum aðeins um múslima þegar fjallað er um hryðjuverk þá förum við að tengja alla múslima við hryðjuverkamenn. Dæmi um jákvæðar staðalmyndir væri að svartir menn séu góðir í körfubolta eða að stelpur séu samviskusamari að sinna heimanáminu. Allar staðalmyndir geta þó ýtt undir fordóma og hamlað því að einstaklingurinn sé metinn á eigin forsendum. Þannig geta jákvæðar staðalmyndir einnig verið skaðlegar því að með þeim gerum við ráð fyrir að öll sem tilheyra ákveðnum hópi fólks séu eins en ekki ólíkir einstaklingar með mismunandi styrkleika og veikleika. Staðalmyndir einfalda hópa og einstaklinga niður í eitthvað eitt eða tvennt, gerir þau að minni manneskjum. Einstaklingurinn fær þá ekki tækifæri til að vera einstök persóna og láta ljós sitt skína. Til samanburðar gætum við hugsað okkur að við ættum mörg systkini. Eru þau öll eins og við? Og myndum við vilja vera dæmd út frá því hvernig systir okkar eða bróðir er? Staðalmyndir hafa líka þær afleiðingar að fólk sem fyrir þeim verður reynir að forðast þær og eyðir orku í alls konar hluti sem það þyrfti annars ekki að gera. T.d. hafa sumar fatlaðar konur greint frá því að þær leggi áherslu á að mála sig og vera sérstaklega kvenlegar vegna þess að ein staðalmynd af þeim er að þær séu ekki kynverur. Konur sem eru yfirmenn eða í stjórnunarstöðum vanda sig hvernig þær tala, til að vera ekki álitnar „frekar“.





Neikvæðar staðalmyndir má finna víða í teiknimyndasögum

Fordómar

Við tölum um fordóma þegar fólk byggir álit og skoðanir á staðalmyndum eða þegar að heill hópur er dæmdur eftir gjörðum nokkurra. Það er eðlilegt að reyna að tengja einstaklinga sem við hittum við ákveðna ímynd sem við höfum lesið um, séð í bíómyndum eða kynnst áður. Sem dæmi gæti yfirmaður á vinnustað hugsað „ég var með einstakling frá þessu landi í vinnu hjá mér og hún var mjög dugleg, líklega eru allir frá þessu landi duglegir.“

Fréttaflutningur og umræða í samfélaginu ýtir stundum undir staðalmyndir og fordóma. Ef við heyrum aðeins talað um homma í tengslum við tísku gætum við fengið á tilfinninguna að það að vera hommi hljóti að snúast fyrst og fremst um að vilja vera sætur í flottum fötum.

Fordómar byggja oft á ákveðinni vanþekkingu, ótta og óöryggi. Það að skilja „okkur“ frá „hinum. Þess vegna skiptir máli að kynnst fólki, kynna sér ólíkar sögur fólks. Fjarlægðin, að „við“ erum svona en „þau“ eru öðruvísi, jafnvel ekki jafn miklar manneskjur og við, skapar fjarlægð sem er gróðrarstía fyrir fordóma, hunsun og jafnvel ofbeldi.

Öráreitni

Öráreitni (á ensku microaggression) er dæmi um fordóma sem við tökum gjarnan ekki eftir en geta haft mikil áhrif á þau sem fyrir þeim verða. Öráreitni er stundum kallað „hversdagslegir fordómar“ og felur í sér dulda og lúmska mismunun sem beinast helst að jaðarsettum hópum. Þrátt fyrir að óráreitni virðist smávægileg er erfitt að verða fyrir henni ítrekað, jafnvel oft á dag.



síðast uppfært dags. 10.7.2024

Öráreitni getur birst í orðum, raddblæ, hunsun og viðmóti sem oft reynist erfitt að útskýra og greina nákvæmlega.

Dæmi fordóma sem birtast í öráreitni:

Að glápa á einstakling af því að hann er á einhvern hátt öðruvísi en þú.

Að sýna vandlætingu með svip.

Að nota orð eins og „gay“ eða hommalegt um eitthvað neikvætt.

Að gera ráð fyrir að allir eigi mömmu og pabba, þegar sumir eiga tvær mömmur eða tvo pabba.

Að hækka röddina, til að einhver skilji betur íslensku.

Heimildir:

Vefur Reykjavíkurborgar um Menntastefnu Reykjavíkurborgar:
<https://menntastefna.is/tool/kynjadar-stadalimyndir-hvad-getur-kennarinn-gert/>

Sjukast.is <https://sjukast.is/jafnretti-og-feminismi/stadalimyndir/>

<https://www.ohchr.org/en/statements/2022/06/role-education-address-root-causes-hate-speech-and-advance-inclusion-non>

„Fordómar á grundvelli holdafars í íslensku samfélagi“, Embætti Landlæknis 2015.

„Við erum öll með fordóma“ <https://www.112.is/ofbeldi/fordomar>

Mynd: Tintin in the Congo, Egmont English language translation, published in 2005., Fair use, <https://en.wikipedia.org/w/index.php?curid=30387106>



Reykjavík